


Innviðaráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 13.10.24

Málefni: Undanþága vegna óbyggilegs byggingareit.

Kristjana Arnardóttir hér eftir undirrituð lóðarinnar á Mosamóa 1 óskar eftir undanþágu frá innviðaráðuneytinu á grundvelli 45.gr skipulagslaga nr 123/2010 lið 12 frá takmörkunum skipulagsreglugerðar nr.90/2013 lið d gr. 5.3.2.5 er varðar fjarlægð frá vegum vegna neðangreindra ástæðna.

Undirrituð óskar hér með eftir undanþágu innviðaráðuneytis á grundvelli 45. gr. skipulagslaga nr.123/2010 lið 12 vegna takmarkanna skipulagsreglugerðar nr. nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14 er varðar fjarlægðir frá vötnum, ám og sjó. Beiðnin kemur til vegna afar takmarkaðrar skilgreiningar á byggingarreit lóðarinnar í 100 m fjarlægð frá Biskupstungnabraut 35-01 sem skilgreindur er sem stofnvegur. Samhliða undanþágubeiðni þessari verður unnin breyting deiliskipulagi þar sem skilgreining byggingarreits verður breytt verði beiðni um undanþágu veitt. Helstu rök beiðinnar er að núverandi skilgreindur byggingarreitur lóðarinnar er svo verulega takmarkaður að í raun er lóðin óbyggileg m.v. skilgreiningu byggingareits á deiliskipulagi. Skilgreining reitsins er auk þess ekki í takt við byggingarheimildir skipulagsins sem gerir ráð fyrir því að innan lóða sé heimilt að byggja að hámarks nýtingarhlutfalli 0,03 frístundahús og 40 fm aukahús. Heildar byggingarmagn lóðarinnar gæti því verið allt að 258 fm en skilgreindur byggingarreitur lóðarinnar býður ekki upp á slíkt byggingarmagn. Á aðliggjandi lóð lyngmóa 2 hefur byggingarreitur lóðarinnar verið skilgreindur í 70 metra fjarlægð frá vegi innan deiliskipulags. Er þess farið á leit við innviðaráðuneytið að undanþága verði veitt fyrir skilgreiningu byggingarreits í 70 metra fjarlægð frá miðlínu vegar.



Út frá ofangreindum forsendum er því óskað eftir samþykkt ráðuneytisins fyrir undanþágu frá ofangreindum takmörkunum skipulagsreglugerðar nr.90/2013 lið d gr.5.3.2.5 vegna fjarlægðar frá vegi.

Virðingafyllst,

Kristjana Kjartans Arnardóttir.